

Mánudaginn 8. nóvember 1948.

Nr. 101/1948. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Kristján Guðlaugsson)  
gegn

Sveinbirni Þórarni Tímóteussyni

(Hrl. Einar Arnórsson).

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

### Dómur hæstaréttar.

Telja verður, að ákærði hefði séð til ferða barnsins og mátt afstýra slysinu, ef hann hefði sýnt fyllstu aðgæzlu og varkárni. Á hann því nokkra sök á slysinu, þótt það virðist hins vegar að miklu leyti mega rekja til hegðunar barnsins. Að öðru leyti er sakaratriðum rétt lýst í héraðsdómi, og hefur ákærði brotið gegn lagaboðum, er þar greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hæfilegt þykir, að ákærði sé sviptur bifreiðarstjóraréttindum 9 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Það er mjög aðfinnsluvert, að lögreglumenn þeir, er komu á vettvang, fóru þaðan án þess að rannsaka verksummerki, og var þeim þó innan handar að fá menn til aðstoðar við flutning hins slasaða barns í sjúkrahús.

### Dómsorð:

Ákærði Sveinbjörn Þórarinn Tímóteusson greiði 1500 króna sekt í rikissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal sviptur ökuleyfi 9 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Einars Arnórssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 9. júní 1948.**

Ár 1948, miðvikudaginn 9. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2857/1948: Réttvísing og valdstjórnin gegn Sveinbirni Þórarni Tímóteussyni, sem tekið var til dóms þann 27. fyrra mánaðar.

Málið er af réttvísingunni og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða Sveinbirni Þórarni Tímóteussyni bifreiðarstjóra, Drápu-hlíð 17 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningar-laga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og reglugerð nr. 72/1937 um gerð og notkun bifreiða.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. febrúar 1899 á Brennistöðum í Borgarhreppi, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

- 1935  $\frac{3}{4}$  Sátt, 35 kr. sekt fyrir að kenna bifreiðarakstur þeim, sem ekki hafði aldur til að öðlast ökuskirteini.
- 1936  $\frac{2}{4}$  Undir rannsókn út af árekstri reiðhjóls og bifreiðar. Af-greitt með skaðabótum.
- 1937  $\frac{2}{10}$  Áminning fyrir brot gegn umferðareglum.
- 1948  $\frac{1}{4}$  Áminning fyrir brot gegn 10., sbr. 28. gr. lögreglusam-þykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Ákærði á bifreiðina R 215, sem er fólksbifreið af gerðinni Mercury. Bifreið þessari ekur hann sem leigubifreið frá Bifreiðastöð Reykjavíkur. Kl. 2—3 e. h. þriðjudaginn 17. febrúar s. l. var símað á nefnda bifreiðastöð og beðið um að senda bifreið að húsinu nr. 40 við Laugaveg. Fór ákærði að sinna þessu, ók bifreið sinni að nefndu húsi, en þar kom í hana stúlka, sem síðar verður nánar getið, og bað hún ákærða um að aka að Grænuborg við Hringbraut hér í bænum.

Gerði hann það, en þurfti að biða um 20 mínútur við skóláhúsið (Grænuborg), þar eð barn, sem stúlkan var að sækja, var þá ekki tilbúið að fara. Stúlkan sat í aftursæti með barnið, eftir að það kom í bifreiðina, og voru farþegar ekki fleiri. Ók ákærði síðan vestur Eiríks-

götu, norður Barónsstíg og síðan vestur Laugaveg, og var ferðinni aftur heitið að húsinu nr. 40 við nefnda götu.

Er ákærði nálgast gatnamót Frakkastígs á leið sinni vestur Laugaveg, kveðst hann hafa ekið í bifreiðalest og gizkar á, að næsta bifreið fyrir framan hann hafi verið um 10 metra á undan bifreið hans. Telur hann, að hann hafi ekið með í mesta lagi um 10 km hraða miðað við klukkustund, enda hafi ekki verið unnt að aka hratt á þessum slóðum, þar eð umferð hafi verið mikil. Bifreiðina segist hann hafa haft í 2. ganghraðastigi.

Þegar ákærði var kominn aðeins vestur fyrir gatnamót Frakkastígs kveðst hann hafa séð litit barn á rauðri peysu skjótast þvert yfir götuna, frá nyrðri gangstétt götunnar, en ekki hafi það verið svo nálægt bifreið hans, að hann hafi þurft að hægja á ferð bifreiðarinnar þess vegna, enda kveðst hann hafa ekið mjög hægt, eins og fyrr segir, og verið alveg kominn að því að stöðva bifreiðina við fyrrnefnt hús, sem er rétt vestan við gatnamótin. Ákærði heldur því fram og kveðst vera alveg viss um, að jeepbifreið, rauðbrún að lit, með blæjum, hafi staðið kyrr rétt móts við húsið nr. 42 við Laugaveg, norðan megin götunnar, en ekki veit hann frekari deili á bifreið þessari. Gerir hann ráð fyrir, að barnið, sem var á hlaupahjól, hafi hlaupið suður yfir götuna, út undan jeepbifreiðinni. Alveg um leið og barn þetta hljóp yfir götuna, segir ákærði sér hafa fundizt sem eitthvað kæmi við hægra afturhjól bifreiðarinnar eða það rynni yfir eitthvað, en ekki hafi hann fundið, að hægra framhjól hennar rynni yfir neina ójöfnu. Kveðst hann jafnvel hafa haldið, að hjólið hafi runnið yfir klakastykki eða eitthvað slikt, og hemlaði hann nú bifreið sína, sem hann segir hafa stöðvazt þegar. Um leið og þetta gerðist, heyrði ákærði, að vegfarendur á þessum slóðum ráku upp óp. Eftir að bifreiðin stöðvaðist, kveðst hann þegar hafa farið út úr henni, og séð þá barn í dökkbrúnni kápu liggja á götunni, um það bil 1 meter fyrir aftan bifreiðina. Ekki man hann, hvornig það lá að öðru leyti en því, að höfuð þess hafi snúið að bifreið hans. Ákærði sá, að blóð rann úr höfði barnsins. Eftir þetta voru lögreglumenn kvaddir á staðinn, og fóru þeir með barnið á Landsspítalann, og fór ákærði með þeim þangað, en það bifreiðarstjóra, sem kom á slysstaðinn, að fara með bifreið sína af staðnum. Eftir þetta fór ákærði á Bifreiðastöð Reykjavíkur, en þangað sótti rannsóknarlögreglumaður hann skömmu síðar. Ákærði kveðst hafa haldið bifreið sinni vel á vinstri götuhelmingi áður og um það leyti, sem slysið varð, og gizkar hann á, að vinstri hjól hennar hafi ekki verið meira en 2 fet frá syðri gangstétt götunnar, þegar slysið varð. Hann kveðst ekki hafa séð barnið, sem fyrir bifreið hans varð, og ekki hafa haft hugmynd um ferðir þess, áður en slysið vildi til. Ákærði segist ekki hafa verið að neinu leyti illa fyrir kallaður til að aka bifreið umræddan dag, hvorki hafi hann þá verið þreyttur né svefnþurfi, og ekki hafi hann þá bragðað áfengi nýlega, a. m. k. hvorki þann dag né næsta dag áður. Ekki segir hann

neitt sérstakt hafa glapið fyrir sér við aksturinn og hafi hann ekki talað neitt við farþegana í bifreið sinni frá því haldið var af stað frá Grænuborg. Fulla sjón kveðst hann hafa á báðum augum. Ákærði segir nokkra móðu hafa verið á hliðarrúðum bifreiðar sinnar um það leyti sem slysið varð, a. m. k. hægra megin, en framrúðan hafi verið móðulaus. Stýri bifreiðar ákærða er vinstra megin. Ákærði hefur látið þess getið, að hann sé þaulvanur að aka bifreið og hafi hann að mestu gert það að staðaldri frá því hann tók bifreiðarstjórapróf árið 1929.

Slys þetta mun hafa orðið um kl. 3 e. h. nefndan dag, móts við húsið nr. 42 við Laugaveg. Er gatan þar um 7—8 metrar á breidd, malbikuð. Bjart var af degi, er slysið vildi til, en veður þungbúið, annað hvort rigning eða nýbúið að rigna, og götur því blautar.

Barnið, sem fyrir slysi þessu varð, hét Sigrún Vilhjálmisdóttir, Frakkastíg 12 hér í bæ, og var tæpra 3 ára að aldri, þegar slysið varð (fædd 25. febrúar 1945). Það hlaut slík lemstur við slysið, að það andaðist svo að segja samstundis. Var lík þess krufið af próffessor Niels Dungal daginn eftir að slysið varð, og hefur próffessorinn lýst áverkum á því þannig í skýrslu sinni um krufninguna:

„Við krufninguna fannst mikið brot á hausjúpunni, þannig að kúpbotninn vinstra megin var mölbrotinn og mikil skemmd var á litla heilanum vinstra megin aftanvert. Svo virðist sem stúlkan hafi fengið mikið högg hægra megin á ennið, sennilega við að skella á götuna, því að andlitið þeim megin var mjög aurugt. Blæðingin og skemmdin í heilavefnum aftan til, sem var diametralt andspænis ennisbrotinu, hafa sumpart stafað af „Contre-coup“ verkun, sumpart af því, að beinastykki úr hnakkabeininu hafa stungizt þar inn í heilann. Skemmdir þessar eru svo miklar, að bráður bani hefur hlotizt af þeim.“

Stúlkan, sem var farþegi í bifreið ákærða, þegar slysið varð, og áður er minnzt á, heitir María Guðvarðsdóttir, Miðstræti 5, hér í bæ, og er hún starfsstúlka í Lyfjabúðinni Iðunn, Laugavegi 40. Hefur hún sem vitni skýrt svo frá, að sér hafi fundizt ákærði aka hægt vestur Laugaveginum um það leyti, sem slysið varð, en treystir sér ekki til að gizka nánar á um hraðann. Segir það bifreiðar þá hafa ekið fast fyrir aftan bifreið ákærða, en hins vegar hafi verið nokkurt bil milli hennar og næstu bifreiðar fyrir framan hana, þegar slysið varð. Ekki kveðst vitnið hafa veitt því athygli, hvort bifreið eða bifreiðar hafi staðið kyrrar við nyrðri gangstétt götunnar, móts við slystaðinn. Það telur, að ákærði hafi ekki séð barnið, sem fyrir bifreið hans varð, áður en slysið vildi til, því að hann hafi ekki tekið að hemla bifreið sinni fyrr en óp heyrðust í hinu slasaða barni. Ekki kveðst vitnið sjálfst heldur hafa séð þetta barn áður en slysið varð, en séð hafi það hins vegar barn á rauðri peysu eða yfirhöfn skjótast suður yfir götuna rétt fyrir framan bifreið ákærða, nokkrum augnablikum áður en slysið vildi til. Vitnið segist ekki hafa orðið þess vart „að annað framhjól bifreiðarinnar rynni yfir neina ójöfnu um

það leyti, sem slysið varð, en það hafi fundið, að hægra afturhjóll lyftist nokkuð upp, og eftir þetta hafi ákærði stöðvað bifreiðina svo að segja þegar. Þegar vitnið kom út úr bifreiðinni, sá það barn liggja á götunni, að því er það telur um eina lengd bifreiðar fyrir aftan bifreið ákærða og um 1 meter frá syðri gangstétt götunnar. Það kveður ákærða ekki hafa ekið ógætilega að neinu leyti í þessari ökuferð og hafi það ekki séð neitt athugasvert við framkomu hans. Ekki segir það neitt samtál hafa farið á milli sín og ákærða um það leyti, sem slysið varð. Þegar það vildi til, segir vitnið götur hafa verið blautar, enda hafi þá verið rigning. Það heldur, að þá hafi verið móða á hliðar-rúðum bifreiðarinnar, en franrúðan hafi verið móðulaus.

Vitað er um nokkra sjónarvotta að nefndu slysi, aðra en farþegann í bifreið ákærða, sem nú hefur verið getið. Verða nú framburðir sjónarvottanna raktir, svo sem ástæða þykir til, svo og annarra, sem einhverjar upplýsingar, sem máli skipta, hafa getað gefið um, með hvaða hætti slysið varð.

Vitnið Bjarni Forberg bæjarsímastjóri, Viðimel 34 hér í bæ, ók bifreið sinni, R 3310, næst fyrir aftan bifreið ákærða vestur Laugaveg þegar slysið vildi til, og gizkar það á, að bilið milli bifreiðanna hafi þá verið um 30 metrar, og minnst það þess, að önnur bifreið ók skammt á undan nefndri bifreið (bifreið ákærða), þegar slysið varð. Vitnið gizkar á, að ákærði hafi ekið með um 5—10 km hraða, miðað við klukkustund, áður og um það leyti, sem slysið varð, og hafi hann þá haldið bifreið sinni á vinstri götuhelmingi. Hefur það tekið fram, að svo hægt hafi bifreiðin ekið, að það hafi jafnvel haldið, að hún væri að nema staðar um það leyti, sem slysið varð. Vitnið kveðst hafa veitt barninu, sem fyrir bifreið ákærða varð, athygli, er það (barnið) var rétt að komast á móts við bifreiðina á leið sinni yfir götuna, og er vitnið alveg visst um, að það (barnið) hafi komið frá nyrðri gangstétt götunnar og skokkað síðan suður yfir hana. Áður en barnið var alveg komið fyrir bifreiðina, segir vitnið það hafa litið í kring um sig, en haldið síðan áfram og hafi það nú horfið fyrir framenda bifreiðar ákærða, frá vitninu séð. Segar það hraða nefndrar bifreiðar þá ekki hafa verið meiri en það, að hefði verið um stálpað barn að ræða, hefði það forðað sér undan bifreiðinni á hlaupum. Vitnið kveðst vera alveg visst um, að barnið hafi orðið undir hægra framhjóli bifreiðar ákærða, og síðan hafi hægra afturhjóll einnig runnið yfir það. Eftir slysið hafi bifreiðin síðan staðnæmzt við syðri gangstétt götunnar, um 1 bifreiðarlengd frá þeim stað, sem barnið lá á. Hafi bifreiðin stöðvazt hægt og rólega, og kveðst vitnið engin merki hafa séð á aksturslagi hennar, sem bentu til þess, að ákærði vissi, hvað var að gerast, fyrr en slysið var um garð gengið. Vitnið kveðst ekki minnst þess beinlínis, að það hafi séð barnið, sem með því barni var, sem lét lífið í slysinu, en segir sér þó hálf finnast, að annað barn hafi hlaupið yfir götuna á undan því, sem fyrir bifreiðinni varð. Ekki kveðst þetta vitni minnst þess sérstaklega, að það

hafi séð bifreiðar standa kyrrar norðan megin við götuna móts við slysstaðinn. Það segir hafa verið rigningsársúld og götur blautar, þegar slysið vildi til, og minnst það þess, að móða settist innan á rúður bifreiðar þess um þetta leyti.

Vitnið Þorbjörn Ágúst Guðlaugsson símaverkstjóri, Hverfisgötu 106, sat í framsæti bifreiðarinnar R 3310 við hlið vitnisins Bjarna Forbergs þegar slysið varð. Gizkar það á, að bifreið ákærða hafi ekið um 15 metrum á undan bifreiðinni, sem það var farþegi í, þegar slysið vildi til, en veitti annars nefndri bifreið enga athygli, og getur því ekki sagt neitt um hraða hennar eða annað aksturslag áður en slysið varð. Ekki sá þetta vitni heldur barnið, áður en það varð fyrir bifreiðinni, en veitti því fyrst athygli, hvað gerzt hafði, er bifreið ákærða var að nema staðar hægt og rólega við syðri gangstétt götunnar, og lá barnið þá fyrir aftan bifreiðina. Eftir slysið veitti vitnið athygli dreng með hlaupahjól á syðri gagnstétt götunnar móts við slysstaðinn og var hann í rauðleitum búningi. Mun hér vera um að ræða þann sama dreng, sem ákærði og vitnið María Guðvarðardóttir sá skjótast fyrir framan bifreið ákærða rétt áður en slysið vildi til. Ekki minnst vitnið Þorbjörn Ágúst þess, að bifreið, ein eða fleiri, stæði kyrr móts við slysstaðinn, norðan megin götunnar.

Vitnið Guðmundur Ingvar Ágústsson skósmiður, Vatnssstig 9 B hér í bæ, var á leið niður Laugaveginna fótgangandi, þegar slysið varð, ásamt Ellert Ólafssyni bifreiðarstjóra, Laugavegi 70 B hér í bæ. Þegar vitnið var statt milli húsana nr. 41 og 43 við nefnda götu, en það gekk eftir nyrðri gangstétt hennar, varð því litið við af tilviljun, og sá þá að barn var að verða fyrir bifreið, sem í þessum svifum ók vestur götuna. Virtist vitninu barnið vera alveg fyrir framan hægra framaurbretti bifreiðarinnar, þegar það kom auga á það, og vera þá í þann veg að falla á framvara bifreiðarinnar. Hafi það frekast snúið vinstri hliðinni að bifreiðinni, og virtist vitninu á stöðu barnsins og aðstæðum öllum, sem það hefði haldið út á götuna frá hægri hlið (þ. e. nyrðri gangstétt götunnar). Sá vitnið síðan, að bæði hægri hjól bifreiðarinnar runnu yfir líkama barnsins, og rak það (vitnið) upp óp, þegar slysið var að verða, en þetta virtist vekja athygli stjórnanda bifreiðarinnar (ákærða), og lét hann síðan bifreið sína renna hægt og rólega að syðri gangstéttinni og stöðvaði hana þar. Eftir að slysið var orðið, hljóp vitnið að hinu lemstraða barni og breiddi yfir það frakka sinn. Það kveðst að vísu ekki hafa veitt bifreið ákærða mikla athygli í þeim svifum, sem slysið var að vilja til, en telur þó, að henni hafi verið ekið hægt. Gizkar það á, að bifreiðin hafi verið um ½ meter frá syðri gangstéttarbrún, þegar barnið varð fyrir henni, en eftir slysið hafi barnið legið um bifreiðarlengd fyrir aftan bifreiðina, á að gizka 2½ meter frá syðri gangstéttarbrún. Ekki man vitnið, hvort bifreið ákærða var í bifreiðalest, þegar slysið varð, og norðan megin við götuna, móts við slysstaðinn, segir það annaðhvort 1 eða enga bifreið hafa staðið þá.

Vitnið Ellert Ólafsson bifreiðarstjóri, var, eins og áður er getið, í fylgd með vitninu Guðmundi Ingvari Ágústssyni, þegar slysið vildi til. Veitti það því enga athygli, hvað var að gerast, fyrr en Guðmundur Ingvar rak upp óp, leit þá við, og sá þá bifreið ákærða, sem var að nema staðar hægt og rólega sunnan megin götunnar. Einnig sá það hið lemstraða barn liggja á götunni fyrir aftan bifreiðina. Ekki kveðst þetta vitni muna, hvort bifreið eða bifreiðar hafi staðið kyrrar við nyrðri gangstétt götunnar, móts við slysstaðinn.

Vitnið Ingveldur Anna Ingvarsdóttir starfsstúlka, Hverfisgötu 72 hér í bæ, var við vinnu sína í Sökkabúðinni á Laugavegi 42, þegar slysið varð. Sá það ekki, þegar það vildi til né aðdraganda þess, heldur veitti það því fyrst athygli, hvað var að gerast, er það sá barnið liggja á götunni, eftir að bifreið ákærða hafði runnið yfir það. Síðar sá vitnið bifreiðina, þar sem hún stóð við syðri gangstétt götunnar, móts við slysstaðinn.

Vitnið Halldór Ísleifsson bifreiðarstjóri, Höfðaborg 76 hér í bæ, ók bifreið sinni R 3306 upp Frakkastíg að Laugavegi, rétt áður en slysið varð. Þegar að síðarnefndu götunni kom, var nokkuð mörgum bifreiðum ekið vestur hana (Laugaveg) í þeim svifum, og stöðvaði því vitnið bifreið sína við gatnamótin og beið þar færís til að komast yfir þau. Meðan vitnið beið þarna á gatnamótunum, var bifreið ákærða ekið fram hjá þeim. Segir það, að nefndri bifreið hafi verið ekið hægt og telur hraða hennar alls ekki hafa verið yfir 20 km miðað við klukkustund. Einnig segir vitnið, að bifreiðar hafi ekið fast fyrir framan og aftan bifreið ákærða. Þegar bifreiðin var komin aðeins vestur fyrir gatnamót Frakkastígs, kveðst vitnið hafa séð barn, sem það tók þó ekki eftir hvort var piltur eða stúlka, stíga út af syðri gagnstétt Laugavegar, móts við húsið nr. 42, og hafi bilið milli bifreiðarinnar og barnsins þá verið um 2 bifreiðalengdir. Ekki veitti vitnið athygli lit eða gerð búnings barnsins. Eftir þetta vissi það ekki, hvað af barni þessu varð, en eftir örfá augnablik hafi það séð barn koma undan hægra afturhjóli bifreiðar ákærða og gerir það ráð fyrir að þetta hafi verið sama barnið, sem það stuttu áður sá hverfa fyrir framenda bifreiðarinnar. Ekki kveðst vitnið hafa séð þess nein merki á aksturslagi bifreiðar ákærða, að hann veitti barninu neina athygli, fyrr en eftir að slysið var orðið, og hafi hann þá stöðvað bifreið sína hægt og sigandi við syðri gagnstétt götunnar. Það kveðst ekki hafa veitt athygli neinu barni, sem fór suður yfir götuna um þessar mundir, og ekki hafi það heldur orðið vart nema þessa eina barns á syðri gangstéttinni. Vitnið segir bifreið nokkra, sem það man ekki hvernig var í útliti, hafa staðið fyrir utan húsið nr. 43 við Laugaveg, rétt á móts við slysstaðinn.

Vitnið Jón Sigurður Hjartarson bifreiðarstjóri, skála nr. E 28 í Kamp Knox hér í bæ, var að koma út úr sölubúð á Laugavegi 45 um það leyti, sem margnefnt slys varð. Sá það 2 smábörn vera að leika sér, að því er það minnir eindregið, á syðri gagnstétt götunnar, nærri

beint á móts við húsið nr. 45, sem stendur norðan megin götunnar. Leit síðan vitnið af börnunum örstutta stund, en er það leit næst út á götuna, sá það bifreið ákærða, þar sem hún ók vestur Laugaveg, fast við syðri gangstétt. Um leið og vitnið kom auga á bifreiðina, segir það annað barnið, sem það hafði áður séð á syðri gangstéttinni, hafa haldið út af þessari sömu gangstétt, beint fyrir vinstra framhjól bifreiðar ákærða. Hafi síðan vinstra framhjólíð runnið yfir barnið og síðan hafi hægra afturhjól bifreiðarinnar einnig runnið yfir líkama þess. Ekki kveðst vitnið hafa gert sér grein fyrir, er slysið var að verða, í hvernig litum búningum börnin 2 voru, en eftir slysið tók það eftir, að hið lemstraða barn var dökkklætt. Eftir þetta stöðvaðist bifreiðin, að því er vitnið telur um 1 lengd sína frá þeim stað, sem hið lemstraða barn lá á. Vitnið kveðst að vísu ekki hafa haft augun á bifreið ákærða, nema örstutta stund áður en slysið varð, en það er álit þess, að hún hafi þó ekið með um 20 km hraða miðað við klukkustund. Ekki kveðst vitnið hafa séð nein merki þess, að ákærði tæki eftir barninu áður en það varð fyrir bifreið hans, og ekki sýndist því hann snögghemla hana, er hann nam staðar, enda hafi það engin hemlaför séð á götunni eftir bifreiðina. Enga bifreið eða bifreiðar kveðst þetta vitni hafa séð standa kyrrar við nyrðri gangstétt götunnar móts við slysstaðinn.

Vitnið Guðni Ragnar Guðmundsson verzlunarmaður, Skólavörðustíg 118 hér í bæ, var við vinnu sína inni í sölubúð Silla og Valda á Laugavegi 43, þegar slysið varð. Sá það ekki aðdraganda slyssins, en veitti því fyrst eftirtekt, hvað var að gerast, þegar bifreið ákærða var að nema staðar við syðri gangstéttina eftir slysið. Einnig sá það þá hið slasaða barn liggjandi um 1½ bifreiðalengd, að því er það telur, fyrir aftan bifreið ákærða.

Kvaddur hefur verið sem vitni Vilhjálmur Sverrir Valur Sigurjónsson bifreiðarstjóri, Frakkastíg 12 hér í bæ, en hann var faðir hinnar látnu telpu, Sigrúnar. Hefur hann gefið þær upplýsingar, að Sigrún litla hafi verið að leik með dreng einum, 4—5 ára gömlum, í húsasundi bak við húsið nr. 12 við Frakkastíg stuttu áður en slysið varð og hafi drengur þessi verið með hlaupahjól. Mun síðan drengurinn og telpan hafa farið niður á Laugaveg, en þar varð slysið rétt við gatnamót Frakkastígs, eins og áður hefur verið skýrt frá.

Við eftirgrennslanir rannsóknarlögreglunnar upplýstist, að umræddur drengur hefur heitið Guðmundur Kristjánsson, á fjórða ári, til heimilis á Grettisgötu 26 hér í bæ. Var drengur þessi í brúnum fötum, þegar slysið varð.

Kvaddur hefur loks verið sem vitni Sigurður Helgi Ólafsson kaupmaður, Leifsgötu 5 hér í bæ, en hann er eigandi leikfangabúðarinnar Laugavegi 45, sem nefnd hefur verið hér að framan, í sambandi við framburð vitnisins Jóns Sigurðar Hjartarsonar. Vitnið Sigurður Helgi sá ekki, þegar slysið varð, en skömmu áður voru

börnin Guðmundur Kristjánsson og Sigrún Villhjálmisdóttir stödd inni í sölubúð þess, og var þar þá, að sögn vitnisins, einnig vitnið Jón Sigurður Hjartarson, en það fór út úr búðinni rétt á eftir börnunum. Ekki veit vitnið Sigurður Helgi, hvort slysið varð, þegar börnin voru að fara suður yfir götuna beint út úr búð þess.

Þegar er slysið var tilkynnt á lögregluvarðstofuna, brugðu við lögreglumennirnir Þorkell Steinsson og Einar Halldórsson og fóru á slysstaðinn. Þegar þangað kom, virtist þeim barnið, sem slasast hafði, vera með lífsmarki, og lögðu því á það höfuðáherzlu að koma því á sjúkrahús, en hirtu minna um að athuga aðstæður og verksummerki á slysstaðnum. Er á Landsspítalann kom, mun þó barnið hafa verið dáíð. Um klukkustund eftir að slysið varð, fóru þeir rannsóknarlögreglumennirnir Magnús Eggertsson, Lárus Axel Helgason, Jón Ebenezerson Halldórsson og Guðmundur Tómas Guðmundsson á slysstaðinn. Sáu þeir þar engin verksummerki eftir slysið, en Lárus Axel gerði 2 uppdætti af slysstaðnum og studdist við gerð uppdráttanna við frásögn vitnisins Ingveldar Önnu Ingvarsdóttur um það, hvar slysið hafði viljað til.

Tæplega 2 klukkustundum eftir að slysið varð, skoðaði Gestur Ólafsson bifreiðaeftirlitsmaður, ásamt Guðmundi Tómasi Guðmundssyni rannsóknarlögreglumanni, bifreiðina R 215. Reyndist það þá athugasvert við bifreiðina, að fóthemill hennar þvingaði misjafnt á hjólin, en stöðvaði bifreiðina eins og vera bar á stuttu færi, ef fullu átaki var beitt, en handhemillinn reyndist of slakur. Að öðru leyti reyndist bifreiðin vera í lagi. Út af þessu hefur ákærði tekið fram, að hann hafi ekki vitað annað en að fóthemill bifreiðarinnar væri í lagi, þegar slysið varð, en hins vegar hafi hann vitað, að handhemillinn var þá nokkuð slakur.

Það verður að ganga út frá því hér, að barnið, sem beið bana í margnefndu slysi, hafi haldið út á götuna frá nyrðri gangstétt hennar, áður en það varð fyrir bifreið ákærða, þótt 2 vitni (þau Jón Sigurður Hjartarson og Halldór Ísleifsson) beri hið gagnstæða. Er sennilegt, að um minniskekkju sér hér að ræða hjá þeim. Ekki verður það rengt, að ákærði hafi ekki veitt barninu neina athygli og ekki haft hugmynd um ferðir þess, áður en slysið varð, enda hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins, sem bendir til hins gagnstæða. Án þess að bein afstaða sé tekin til þess, hvort bifreið hafi staðið kyrr við nyrðri gangstétt götunnar, móts við slysstaðinn, þegar slysið varð, og barnið hafi hlaupið út undan fram- eða aftur- enda hennar, út á götuna, en þessu heldur ákærði fram, eins og minnt er á í framburði hans hér að framan, verður að telja, að nokkuð hafi skort á aðgæzlu hjá honum um það leyti, sem slysið varð, er hann veitti barninu enga athygli á leið þess yfir götuna, og hlýtur það þó að hafa hlaupið nokkra metra, þannig, að ákærði hefði með nægilegri og fullri aðgæzlu átt að geta séð það, þar eð bifreið hans hlýtur að hafa verið nokkurn spöl frá barninu, þegar

Það fór út á götuna, eða kom út undan bifreið, sem kann að hafa staðið við nyrðri gangstéttina, ef nokkur bifreið hefur þá verið þar, en það verður, eins og fyrr er sagt, látið liggja á milli hluta hér. Er niðurstaða þessi fengin, þótt sannað teljist, að ákærði hafi ekið hægt, þegar slysið varð, en því fremur virðist hafa skort nokkuð á aðgæzlu hjá ákærða, sem sannað telst, að hann hafi haldið bifreið sinni mjög nálægt syðri gangstéttinni, þegar slysið varð, og hefur hann því haft nokkurn tíma til að sjá barnið á leið þess yfir götuna, og vist er um það, að framendi bifreiðar ákærða rakst á barnið, sennilega hægri hluta hans (framendans).

Jafnvel þótt barnið hafi haldið út á götuna frá syðri gangstéttinni, en út frá þessu er ekki gengið hér, eins og fyrr segir, hefði ákærði samt átt að hafa nokkra aðstöðu til að fylgjast með barninu og ferðum þess út á götuna, meðal annars sökum þess, að stýri bifreiðar hans er vinstra megin í henni. Það, að móða var á hliðar-rúðum bifreiðar ákærða, þegar slysið varð, og að hann hafi af þeim sökum ekki séð barnið, firrir hann ekki allri sök á slysi þessu, þar eð honum bar að halda rúðum bifreiðarinnar vel gegnsæjum og móðulausum í slíkri umferð, sem er á Laugavegi og öðrum fjölförnum götum þessa bæjar um miðjan dag.

Samkvæmt framansögðu telst því eftir atvikum hafa skort nokkuð á aðgæzlu hjá ákærða um það leyti, sem slysið varð, þótt engum blöðum sé hins vegar um það að fletta, að barnið sjálft hefur með gáleysi sínu átt mikla sök á því, hvernig til tókst.

Með aðgæzluskorti sínum telst ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júlí 1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941, 2. mgr. 5. gr. bifreiðalaganna, og 3. tölulið 2. gr. reglugerðar nr. 72 1937 hefur ákærði brotið með því að hafa hemla bifreiðar sinnar, bæði hand- og fóthemilinn, ekki í því ástandi, sem til er ætlað samkvæmt nefndum ákvæðum. Loks telst ákærði hafa brotið 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, með því að gerast samvaldur að slysi, sem mannsbani hlaut af, með akstri sínum, sem eftir atvikum telst ekki hafa verið nægilega gætilegur. Samkvæmt 215. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937, og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2500.00 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir rétt, samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga, að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa. Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Einars Arnórssonar hrl., kr. 450.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

## D ó m s o r ð :

Ákærði Sveinbjörn Þórarinn Timóteusson greiði 2500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, dr. Einars Arnórssonar hrl., kr. 450.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. nóvember 1948.

Nr. 31/1947. **H/f Grímur** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)  
gegn

**Ólafi Sigurðssyni** (Hrl. Ragnar Ólafsson).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari, Sveinbjörn Jónsson hrl. og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hæstaréttardómaranna Jóns Ásbjörnssonar, Jónatans Hallvarðssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Héraðsdómari átti að vikja sjálfkrafa sæti í máli. Ómerking.

**Dómur hæstaréttar.**

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Borgarnesi, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Máli þessu hefur verið skotið til hæstaréttar með stefnu 25. marz 1947, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m.

Fyrir hæstarétti hefur það nú verið leitt í ljós, að Jón dómari Steingrímsson gekk í s/f Grím hinn 24. marz 1941, og var félagi í samvinnufélagi þessu, þar til því var slitið hinn 8. nóvember 1942, en þá var hverjum félagsmanni, þar á meðal Jóni Steingrímssyni dómara, greitt úr sameignarsjóðum félagsins kr. 5000.00 og afhent 2 hlutabréf í h/f Grími, hvort að fjárhæð kr. 1000.00, en hlutafélag þetta var stofnað um sömu mundir og s/f Grímur var lagt niður og tók við rekstri s/f Gríms. Hefur Jón dómari Steingrímsson staðfest í símskeyti 7. þ. m. viðtöku greindra fjárverðmæta.